

Dr. Fjóla Jónsdóttir lauk BS prófi í vélaverkfræði frá University of Minnesota, Minneapolis, Bandaríkjunum 1990 og MS prófi í verkfræði frá Brown University, Providence, Rhode Island Bandaríkjunum árið 1992. Hún lauk Dr. phil. prófi í aflfræði fastra efna og mannvirkja frá sama skóla með ritgerðinni *Continuum Modeling of Stress-Driven Surface Diffusion in Strained Semiconductor Materials*, árið 1994.

Fjóla hefur víðtæka starfsreynslu. Eftir doktorsprófið starfaði hún sem nýdoktor við University of California, San Diego og síðan sem sérfræðingur hjá Abaqus Inc. Pawtucket, Bandaríkjunum. Á Íslandi starfaði Fjóla sem hönnunarstjóri hjá Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf., áður en hún hóf störf sem dósent og síðar prófessor við Verkfræðideild Háskóla Íslands.

Fjóla hefur reynst mjög farsæl í starfi og sinnt verkefnum sínum af áhuga og samviskusemi. Hún hefur birt fjölda greina í ritrýndum alþjóðlegum ráðstefnuritum og virtum ISI rannsóknaritum. Hún hefur áunnið sér traust og virðingar sem vísindamaður á sviði efnis- og aflfræði. Á undanföllum árum hefur hún stundað rannsóknir í samstarfi við Össur hf. á sviði lífverkfræði og meðal annars rannsakað notkun snjallefna í stoðtækjum. Í rannsóknum sínum hefur hún leiðbeint fjölda meistara- og doktorsnema.

Fjóla Jónsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til kennslu við Háskóla Íslands 2017.

Í umsögn valnefndar segir: „Fjóla hefur frá fyrstu tíð lagt mikla alúð og einlægni í sína kennslu. Hún er alltaf með þeim hæstu í kennslukönnunum innan sinnar deildar. Hún nær strax persónulegu sambandi við nemendur sína sem hvetur þá til að helga sig náminu og að leggja sig fram til að verðskulda stolt kennara síns. Fjóla hefur gert sér far um að flétta rannsóknir sínar inn í þau námskeið sem hún kennir, en þær beinast meðal annars að notkun snjallefna í stoðtækjum. Fjóla hefur einnig verið ómetanleg fyrirmynd fyrir kvennemendur sem lagt hafa stund á nám í véla- og iðnaðarverkfræði og hefur það átt sinn þátt í að fjölga konum og þannig að rétta kynjahlutfall nemenda í þeim greinum.“

Fjóla hefur gegnt fjölmörgum stjórnunar- og trúnaðarstörfum af trúmennsku og kostgæfni.